

2. gr.

Aftan við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Lögskráningarstjóra er skylt að veita stéttarsamtökum sjómanna eða eftirlitsmanni þeirra aðgang að gögnum er varða lögskráningar og upplýsingar um þær.

3. gr.

25. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum, enda liggi ekki þyngri refsing við þeim samkvæmt öðrum lögum. Verði skipstjóri með dómi fundinn sekur um ítrekað brot á lögskráningarskyldu sinni samkvæmt lögum þessum má dæma hann jafnframt til að hafa fyrirgert skírteini sínu um stundarsakir.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. maí 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 60/1976, um skipulag ferðamála.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist sem ellefti liður: Stéttarsamband bænda.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1980.

Gjört í Reykjavík, 23. maí 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.